

PÁSKAR VIÐ ÍTÖLSKU RIVÍERUNA



26. mars – 7. apríl 2024

Fararstjórn: Þórhallur Vilhjálmsson

Vor 3

Ítalía | Frakkland | Mónakó | Sviss | Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Töfrandi ferð um ítölsku og frönsku rivíeruna þar sem heillandi umhverfi lætur engan ósnortinn. Ferðin byrjar í Zürich en áð verður eina nótt í bænum Lucino á leið til **Diano Marina** sem oft er kölluð blómaströndin. Nafnið er tilkomið vegna einstakrar blómaræktunar þar um slóðir. Þaðan verður farið í yndislegu borgina **Nice** við **Côte d'Azur** ströndina í Frakklandi, sem er við svonefnda Englavík, og til borgarinnar **Cannes** þar sem við fetum í fótspor kvikmyndastjarnanna. Bærinn **Cervo**, sem er sannkölluð perla og af mörgum talinn vera einn fallegasti smábær Ítalíu, verður sóttur heim. Suðrænn blær leikur líka um okkur í dásamlega furstadæminu **Mónakó**. Sælan heldur áfram í fallega bænum **Lerici** við La Spezia flóann á Ítalíu en hann ber viðurnefnið skáldaflóinn. Á leiðinni þangað verður siglt frá **Rapallo** til fræga og fagra bæjarins **Portofino**. Skemmtileg dagsferð er í boði þar sem við förum í ævintýrlega siglingu úti fyrir brattri klettaströnd **Cinque Terre** með viðkomu í þorpunum **Riomaggiore**, **Monterosso** og **Porto Venere**. Förum einnig til gömlu virkisborgarinnar Lucca í Toscanahéraði þar sem við heimsækjum m.a. vínbónda. Ferðinni lýkur með trompi í Innsbruck, höfuðborg Tíróls í Austurríki.

13 dagar | 12 nætur

1 nótt í Lucino | 5 nætur í Diano Marina | 4 nætur Lerici | 2 nætur Innsbruck



26. mars | Flug til Zürich & Lucino

Brottför frá Keflavík kl. 7:20, mæting í Leifsstöð í síðasta lagi 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Zürich í Sviss kl. 12:05 að staðartíma. Þaðan verður ekin fögur leið til bæjarins Lucino þar sem gist verður fyrstu nóttina.

27. mars | Diano Marina

Í dag verður stefnan tekin á Diano Marina á ítölsku rivíerunni. Þar verður gist í fimm nætur á góðu hóteli í u.þ.b. 15 mínútna göngufæri frá miðbænum. Hótelið býður upp á einkabaðströnd og fallegan garð. Veitingastaður hótelsins er opinn frá morgni til kvölds svo þar er hægt að fá sér léttu hressingu á frídegi. Á leiðinni til Diano Marina verður stoppað á fögnum stað þar sem hægt verður að fá sér hressingu.

28. mars | Nice & Cannes við Cote d'Azur

Í dag heimsækjum við dásamlegu borgina Nice við Cote d'Azur í Frakklandi. Það er ekki annað hægt en að hrífast af bæði borginni sjálfri og bæjarstæði hennar við Englaflóann. Nice er í hópi gömlu, grísku borganna en víðsvegar um hana standa glæsilegar byggingar, einskonar minnisvarðar liðins tíma. Þetta er ein



vinsælasta ferðamannaborgin við ströndina og því er alltaf mikið um að vera. Hún bókstaflega iðar af mannlífi allt árið um kring. Eftir góðan tíma og áhugaverða skoðunarferð um Nice verður ekið til glæsiborgarinnar Cannes, sem er hvað þekktust fyrir hina alþjóðlegu kvikmyndahátíð sem haldin er þar ár hvert. Að sjálfsögðu munum við feta í fótspor kvikmyndastjarnanna og ganga á rauða dreglinum að kvikmyndahöllinni. Síðdegis gefst frjáls tími til þess að kanna borgina á eigin vegum, sýna sig og sjá aðra.

29. mars | Rólegur dagur í Diano Marina

Í dag ætlum við að taka það rólega í Diano Marina og njóta þess að vera á þessum fagra stað. Eftir góðan morgunverð er upplagt að slást í för með fararstjóra til að kanna nánasta umhverfið og miðbæinn sem er líflegur og skemmtilegur. Einnig er sjálfsagt að nýta sér frábæra aðstöðu hótelsins.

30. mars | Furstadæmið Mónakó & spilavítin í Monte Carlo



Þennan dag heimsækjum við furstadæmið Mónakó, stundum kallað dvergríkið Mónakó. Byrjað verður á að stoppa við kaktusgarðinn en þaðan er glæsilegt útsýni yfir borgina og klettinn sem gamli bærinn var reistur á. Við höldum í skoðunarferð um klettaborgina en þar er að finna höll furstafjölskyldunnar og dómkirkjuna þar sem Grace Kelly var borin til grafar. Einnig verður komið við í Monte Carlo hverfinu

þar sem glæsileg bygging Grand Casino spilavítisins stendur.

31. mars | Stutt ferð til perlunnar Cervo

Stutt keyrsla í dag en eftir góðan morgunverð verður ekið í töfrandi lítinn bæ, Cervo, þar sem gaman er að röltu um litlar, þröngar götur og kanna líf bæjarbúa. Bærinn er talinn með fallegustu smábæjum landsins. Þaðan er glæsilegt útsýni yfir blómaströndina og veginn, Via Aurelia, sem var lagður á tímum Rómaveldis eftir ströndinni yfir til Spánar. Nú er þar aðalvegur blómastrandarinnar. Í Cervo má finna San Giovanni Battista, heillandi kirkju frá 17. öld, svo og rústir miðaldakastalans sem í dag er minjasafn staðarins. Upplagt að fá sér hádegishressingu áður en ekið verður á hótél. Eftir það er frjáls tími til að njóta í Diano Marina



1. apríl | Diano Marina & Lerici við Liguriatröndina

Kveðjum Diano Marina eftir yndislega daga en sælan heldur áfram því ekið verður til Lerici sem er yndislegur bær á austurhluta ítölsku rivíerunnar við La Spezia flóann. Hann er rómaður fyrir fegurð og ber viðurnefnið skáldaflóinn. Þar verður gíst í fjórar nætur. Á leiðinni verður stoppað í bænum Rapallo þar sem farið verður í skemmtilega siglingu meðfram Portofino skaganum en hann dregur nafn sitt af bænum fræga Portofino sem við komum til með að njóta í allri sinni dýrð.

2. apríl | Sigling við Cinque Terre ströndina

Þessi dagur er heilt ævintýri því nú verður farið í ótrúlega siglingu úti fyrir brattri Cinque Terre ströndinni, einu stórfenglegasta svæði ítölsku rivíerunnar þar sem litríkum húsunum er tyllt utan í klettana. Siglt verður til bæjanna Porto Venere, Riomaggiore, Manarola, Corniglia, Vernazza og Monterosso. Auðvitað verður stoppað einhvers staðar til að fá sér hádegishressingu og einnig til að kanna líf bæjarbúa.



3. apríl | Gönguferð um Lerici & rólegheit

Rólegheit og slökun eru á dagskrá hjá okkur í dag í bænum Lerici. Upplagt að kanna umhverfið á göngu með fararstjóra en glæstar byggingar og kastalavirki frá veldi Pisa- og Genúabúa prýða borgina. Eftir það verður frjáls tími til að skoða sig um á eigin vegum og jafnvel skreppa á ströndina, skutlur flytja fólk þangað frá hótelinu.

4. apríl | Virkisborgin Lucca í Toskana & hádegishressing hjá vínbónda

Í dag heimsækjum við gömlu virkisborgina Lucca í Toscanahéraði en á 13. og 14. öld var hún einhver valdamesta borg Evrópu. Í dag er borgin oft kölluð leynda perla Toskana héraðsins. Tilkomumiklir virkisveggir hennar standa enn frá því á miðri 17. öld, vitnisburður um glæsta tíma. Tónskáldið Puccini er fæddur í borginni og hefur



fæðingarstaður hans verið gerður að áhugaverðu safni. Við höldum í stutta skoðunarferð um helstu staði og að henni lokinni gefst tími til að kanna borgina á eigin vegum. Eftir það munum við heimsækja vínbónda í Montecarlo bænum í nágrenni Lucca, þar sem boðið verður upp á dæmigert ítalskt snarl og auðvitað fáum við að bragða á framleiðslu bóndans. Þetta verður ógleymanlegur dagur.

5. apríl | Lerici & Innsbruck

Þá er sæludögunum við ströndina lokið. Eftir góðan morgunverð er ekin undurfögur leið norður eftir, yfir Brennerskarðið og til Innsbruck í Tíról í Austurríki. Þar verður gíst síðustu tvær næturnar á hóteli í miðbænum.

6. apríl | Dagur í Innsbruck í Tíról

Innsbruck er höfuðstaður Tíról og stendur í fögrum fjallasal. Miðaldahluti borgarinnar er mjög heillandi en Innsbruck var ein af borgum Habsborgaranna, einnar þekktustu konungsættar Evrópu. Blómatími borgarinnar var á 15. öld undir stjórn Maximilian I af Habsborg. Hann lét byggja húsið með gullþakinu, sem alltaf vekur mikla hrifningu en það stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Borgin var á þeim tíma jafnframt ein af menningar- og listaborgum



landsins. Farið verður í stutta skoðunarferð en eftir hana verður hægt að kanna borgina á eigin vegum, líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien-Straße eða setjast niður á kaffihús.

7. apríl | Heimferð frá München

Nú er komið að því að kveðja Innsbruck eftir yndislega daga. Ekið verður til München en brottför þaðan er kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

398.300 kr. á mann í tvíbýli | 70.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Léttur hádegisverður hjá vínbónda í Lucca.
- ✓ Sigling við Cinque Terre ströndina.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, spilavíti og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Þjófnef.

Valfrjálst

- ✓ Spilavíti í Monte Carlo u.þ.b. € 18.
- ✓ Strætisvagn í Monte Carlo hverfið u.þ.b. € 5.
- ✓ Höll furstafjölskyldunnar í Mónakó u.þ.b. € 15.

